

Miðvikudaginn 3. maí 1939.

Nr. 19/1939. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
 gegn

Herði Gestssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og svipting ökuleyfisins, sem enn hefur ekki verið tekið af kærða, teljist frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 70.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og svipting ökuleyfisins teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hörður Gestsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Lárusar Jóhannessonar, kr. 70.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. nóv. 1938.

Ár 1938, þriðjudaginn þann 29. nóvember, var í lög-
reglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöð-
inni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, upp-
kveðinn dómur í málinu nr. 2004/1938, Valdstjórnin gegn
Herði Gestssyni, sem tekið var til dóms þann 23. sama
mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn
Herði Gestssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Vesturgötu
54 A hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan-
úar 1935, lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bif-
reiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir,
svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1931 2% Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1937 2% Undir rannsókn út af bifreiðaárekstri. Skýrsla
send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki tal-
in ástæða til frekari meðferðar.
1938 17% Sætt 30 króna sekt fyrir brot gegn 102. sbr. 101.
gr. hinna alm. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Föstudaginn þann 21. f. m., kl. 19,55, tilkynnti Daníel
Fjeldsted læknir á lögreglustöðina, að þá fyrir skemmstu
hefði kona orðið fyrir bifreið á Hverfisgötu, framan við
húsið nr. 44. Lögreglan fór þegar heim til læknisins, og
hafði þá konan verið borin inn til hans, en hann hafði
bundið um höfuð hennar, en hún var mjög blóðug, bæði
um andlit og háls. Flutti lögreglan síðan, með aðstoð lækn-
isins, konuna á Landsspítalann til frekari læknisaðgerða.
Þegar þangað kom, var konan nokkurnvegin málhress og
kvaðst heita Kristín Guðmundsdóttir og eiga heima á
Hverfisgötu 62, hér í bænum. Kvaðst hún hafa verið á
gangi vestur Hverfisgötu utarlega vinstra megin og ætlað
að fara að stiga upp á gangstéttina, þegar bifreið rakst á
hana, svo hún féll við og missti meðvitund í svip.

Þann 27. október var kona þessi, sem fullu nafni heitir
Kristín Friðrika Guðmundsdóttir, yfirheyrð þar sem hún
lá rúmföst á Landsspítalanum. Kvaðst hún í umrætt skipti
hafa verið að ganga vestur Hverfisgötu og var ferðinni
heitið niður í miðbæ. Gekk hún á akbrautinni nálægt

syðri gangstétt. Þegar hún kom á móts við húsið Hverfisgötu 44, sem stendur sunnan götunnar, kom dökk fólksflutningsbifreið með venjulegu útliti vestan götuna og ók ekki hratt, en snarbeygði í áttina til konunnar. Hélt hún að bifreiðin ætlaði að nema staðar þarna við gangstéttina, en í því að hún hafði stigið að minnsta kosti með annan fótinn upp á gangstéttina, rakst bifreiðin á hana, og telur hún, að í sig hafi rekizt hægra brettið. Hún féll í götuna við áreksturinn og vissi síðan ekki af sér fyrr en inni hjá Daniel Fjeldsted lækni.

Hún kveðst ekki hafa séð númer bifreiðarinnar og ekki inn í hana, en kveðst muna vel, að venjuleg ljós hafi verið á bifreiðinni. Hún kveðst engar bifreiðar hafa séð þarna í nánd aðra en þessa og aðra, er ók á eftir henni. Tvær stúlkur sá hún á gangi á leið inn götuna í áttina til sín, en aðra umferð sá hún ekki.

Við árekstur þennan hlaut Kristín nokkur meiðsli. Hún fékk heilahristing, um 6 cm. langt sár framan á enni, ofantil, marðist mikið á hægri síðu neðan til og hlaut skrámur á hendur og viðar. Í vottorði próf. Guðm. Thoroddsen, gefnu 2. nóvember, segir: „Liðan er nú góð, enginn höfuðverkur né svimi. Hún á að klæðast í dag. Sennilegt, að hún fái engin varanleg mein af áverkanum.“

Þann 23. nóvember skoðaði héraðslæknirinn Kristínu, og segir í vottorði hans um þá skoðun, að hún kvarti um mikla hræðslu, einkum úti, við öll farartæki, ef hún lúti höfði, finnist henni ætla að liða yfir sig og að hún hafi máttleysi í öllum líkama og mæði, svo hún sé enn óvinnufær. Þessar kvartanir hennar telur héraðslæknirinn réttar og afleiðingar hinna líkamlegu og andlegu áverka. Héraðslæknir vottar, að hún hafi ör á miðju enni frá hársrótum og niður, ca. 6 cm. á lengd, ekki fullgróid. Hún hafi þykkildi á höku á stærð við stóra sveskju og á því neðan- og framanverðu ör, ca. 2 m. Telur hann þetta hvorttveggja sennilega verða varanleg lýti, minnsta kosti það fyrrnefnda. Þá kveður hann vera þykkildi og eymsli á hægri hupp og niður undir læri eftir mar. Kveður hann ekki verða að svo stöddu lagðan fullnaðardóm á, hversu varanleg mein hennar verða mikil. Til þess sé of skammt liðið frá slysinu.

Af þeim ástæðum hefir þó ekki þótt ástæða til að draga mál þetta.

Í því áreksturinn gerðist voru tvær konur, þær Sigurrós Þorgrímsdóttir, húsfreyja, Hverfisgötu 44, og Vigdís Majasdóttir, ógift, Túngötu 40, á gangi inn Hverfisgötu eftir gangstéttinni, fáa metra fyrir vestan árekstrarstaðinn. Kveðst Sigurrós hafa séð, þegar bifreiðin rakst á konuna, og hafi konan þá verið að stiga upp á gangstéttina.

Hafi hún fallið fram yfir sig og lent með ennið á gangstéttarbrúninni og legið öll uppi á gangstéttinni eftir fallið, Segir hún bifreiðina hafa verið dökka fólksflutningsbifreið og sá hún að ljós voru framan á bifreiðinni, þegar áreksturinn varð. Virtist henni snögglega vera hægt á ökuhraðanum um leið og áreksturinn varð, eins og verið væri að stöðva bifreiðina, en svo hafi hraðinn verið aukinn strax aftur og bifreiðinni ekið brott. Númer bifreiðarinnar sá hún ekki.

Vigdís sá konuna koma gangandi á móti þeim eftir akbrautinni og nálgadist hún alltaf gangstéttina meir og meir. Jafnframt var tveimur fólksflutningsbifreiðum ekið austur götuna, og var sú fyrri dökk af venjulegri gerð að sjá. Vissi hún svo ekki fyrri til en að þegar konan var alveg komin að gangstéttinni, var fyrri bifreiðinni skyndilega vikið þangað og rakst hún á konuna, svo að hún hentist upp á gangstéttina og lá þar kyrr, og heyrði Vigdís hana ekkert hljóð gefa frá sér. Hún sá ekki númer bifreiðarinnar og tók ekki eftir ökuhraða hennar.

Eftir að áreksturinn hafði gerzt, veitti hún bifreiðunum enga athygli, því að hún hafði þá hugann við að hjálpa konunni og gæta Sigurrósar, sem hún óttaðist, að mundi illa þola að horfa á þessa atburði.

Klukkan 19,55 tilkynnti Fjeldsted læknir slys þetta á lög-reglustöðina, en kl. 19,50 ók Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, Hringbraut 74, í bifreið austur Hverfisgötu og var ferðinni heitið að nr. 64 A við þá götu. Á undan honum inn götuna ók 5 manna fólksbifreið, og veitti hann henni enga sérstaka athygli fyrr en hún kom á móts við húsið nr. 42 við Hverfisgötu. Telur hann þessa bifreið hafa ekið inn götuna á um 25 km. hraða, miðað við klukkustund. Þegar á móts við nefnt hús kom og bilið á milli bifreið-

anna var um þrjár bifreiðalengdir, var fyrri bifreiðinni allt í einu vikið þvert til hægri upp að gangstéttinni sunnan megin götunnar, og áleit Sigurður, að bifreiðinni væri ætlað að nema þar staðar. Um leið og bifreiðin kom að gangstéttinni, varð fyrir henni kona, sem var alveg við gangstéttina. Kveðst hann hafa heyrt frekar en séð, að bifreiðin rakst á konuna og að hún féll við það upp á gangstéttina. Hann kveðst ekki hafa séð, að bifreiðin væri hemluð fyrir eða um áreksturinn, og eftir hann var henni ekki vikið snögg til vinstri, heldur ekið áfram hægra megin á götunni inn eftir fyrst. Virtist honum ökuhraði bifreiðarinnar vera aukinn eftir áreksturinn. Kveðst hann enga athygli hafa veitt ljósum bifreiðar þessarar fyrr en í því, að áreksturinn varð, en þá sá hann þau slokkna, og lifnaði ekki á þeim fyrr en við Hverfisgötu 50, en þá voru öll ljós bifreiðarinnar lifandi. Hann kveður ljós hafa verið inni í bifreiðinni, áður en slysið varð, og hafi hann þá séð tvo menn í aftursæti hennar og mann í ljósum rykfrakka í framsæti við hlið bifreiðarstjórans, og var sá maður að hálfstanda upp og teygja sig upp og yfir bifreiðarstjóran, rétt áður en áreksturinn varð.

Sigurður stöðvaði bifreið sína augnabliksstund á móts við konuna, þar sem hún lá hreyfingarlaus á gangstéttinni og ætlaði að fara að liðsinna henni, en með því að hann sá tvær konur, sem munu hafa verið Sigurrós og Vigdís, vera að koma alveg á slysstaðinn, og hann taldi víst, að þær myndu hjálpa konunni, virtist honum betra að veita bifreiðinni eftirför, þar sem bifreiðarstjóri hennar hafði ekið burtu, án þess að skeyta um konuna.

Ók hann nú nokkuð greitt á eftir bifreiðinni inn götuna og beygði á eftir henni upp Frakkastíg og sá hann ekki númer hennar fyrr en komið var í betri lýsingu á Laugavegi, og var það R. 201.

Var númersspjaldið óhreint, og miðstafurinn, núllið, laskaður og óskýr. Þegar hann hafði séð þetta, ók hann niður í bæ, til að gera lögreglunni aðvart um slysið.

Skömmu eftir slysið fann lögreglan bifreiðina R. 201, sem er svört 5 manna fólksflutningabifreið, Ford, model 1935, með stýri hægra megin, í Aðalstræti, og var þá kærður við stýri hennar. Var hann að dómi lögreglunnar sýnilega undir áhrifum áfengis og lagði af honum vinlykt. Neitaði hann

að finna til áfengisáhrifa, en viðurkenndi að hafa neytt litilsháttar áfengis. Var hann færður á Landsspítalann og þar tekið úr honum blóðsýnishorn, sem við rannsókn reyndist innihalda 1,44% áfengismagn.

Hefir kærður skýrt svo frá, að síðari hluta þessa dags hafi hann ekið með þrjá skipverja af botnvörpunum „Arinbirni hersi“ hér um bæinn og til Hafnarfjarðar. Höfðu farþegarnir, sem allir voru meira og minna ölvaðir, bitt-erbrennivín meðferðis. Er framburður þeirra nokkuð ósamhljóða um áfengisneyzlu bifreiðarstjórans, svo ekki þykir gerlegt að byggja á þeim. Verður því frásögn kærðs um hana að leggjast til grundvallar, en hún er á þá leið, að hann hafi á leiðinni frá Hafnarfirði drukkið þrisvar úr brennivinsflöskunni. Hafi hann teygð, og gizkar hann á, að hann hafi drukkið um kaffibolla brennivíns í hvert skipti. Kveðst hann af þessu hafa fundið á sér áfengisáhrif, en þau hafi verið svo lítil, að honum fannst hann ekki eiga óhægra með að stýra bifreið en venjulega. Þegar hingað til bæjarins var komið úr Hafnarfjarðarferðinni, ók kærður niður á svokallaða Löngulínu og fóru þar allir út úr bifreiðinni. Síðan var ekið að bifreiðarstöðinni „Aðalstöðin“, og telur einn farþeganna sig hafa farið þar úr bifreiðinni, en kærður og einn farþeganna telja báðir, að hann hafi ekki orðið þar eftir, heldur haldið áfram með þeim. Var nú ekið inn Hverfisgötu, og skýrir kærður svo frá, að á þeirri leið hafi farþegarnir verið með læti og háreysti og hafi hann verið að hasta á þá. Kveðst hann greinilega muna, að bifreiðin hafi þá sveigzt út að gangstétt hægra megin, sunnanverðu götunnar, rétt framan við húsið nr. 44. Hann kveðst hafa horft aftur í bifreiðina augnabliksstund, þegar hann var að hasta á farþegana, og þegar hann varð þess var, að bifreiðin stefndi upp að hægri gangstétt, leit hann framundan bifreiðinni aftur, neytti hemlanna, sveigði bifreiðina frá gangstéttinni, hætti að neyta hemlanna og ók svo með svipuðum hraða og fyrr aflíðandi beygju inn á götuna.

Kveðst hann hafa litið fram fyrir bifreiðina, áður en hún komst næst gangstéttinni og áður en hann sveigði frá. Ökuhraðann kveður hann hafa verið 20—25 km. miðað við klukkustund, og framljós bifreiðarinnar kveður hann hafa lifað í öllum þessum akstri, en þau hafi verið dauf. Hann hefir eindregið neitað að hafa orðið þess var, að nokkuð yrði

fyrir bifreiðinni í þetta skipti, og kveðst ekkert hljóð hafa heyrt, nema háreysti í farþegunum.

Enginn farþeganna kveðst heldur hafa orðið áreksturs var, en þeir voru allverulega ölvaðir.

Þó að framburður kærðs og vitnanna séu ekki í öllum greinum samræmir, þykir þó, eins og atvikum hefir verið lýst hér að framan, óbyggjandi, að það hafi verið bifreið sú, er kærður ók, sem konan Kristín Friðrika Guðmundsdóttir varð fyrir. Hinsvegar verður ekki talið, gegn eindreginni neitun kærðs, að hann hafi orðið þess var, að áreksturinn gerðist. Það virðist að visu óeðlilegt, að hann skyldi ekki verða árekstrarins var, þar sem stýrið er hægra megin í bifreiðinni og telja verður, að konan hafi orðið fyrir hægri hluta bifreiðarinnar, en þess ber að gæta, að kærður var undir áhrifum áfengis, farþegarnir viðhöfðu háreysti og læti í bifreiðinni, hann var að hasta á þá og horfði meira að segja aftur í bifreiðina, rétt áður en áreksturinn varð, og ekkert hefir komið fram, er bendi til þess, að konan hafi gefið frá sér hljóð.

Með því að neyta áfengis og vera undir áhrifum þess við akstur bifreiðarinnar hefir kærður brotið 21 gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr., 3. og 4. mgr., bifreiðarlaganna nr. 70 8. september 1931. Þá hefir hann og með því að aka yfir á hægri vegarhelming brotið 31. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. bifreiðalaganna, og einnig ber að heimfæra brot hans undir 15. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna. Þá hefir hann einnig með því að aka um götur bæjarins á 20—25 km. hraða, miðað við klukkustund, brotið 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna, 14. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hæfilega ákveðin 300 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá þykir verða að svipta hann leyfi til að stýra bifreið í 8 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Hörður Gestsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 8 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. maí 1939.

Nr. 157/1937. Þórarinn Þórarinsson

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Adolf Karlssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. desember 1937, krefst sýknu og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Samkvæmt vottorði lækni hafði Sigurður Guðmundsson, ráðsmaður Dagsbrúnar, „glóðarauga“ á hægri auga eftir aðsúg þann, sem gerður var að honum aðfaranótt þess 2. maí 1937. Um aðra áverka